

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LII. árgangur

1971

Miðvikudaginn 13. janúar 1971.

Nr. 207/1970. Guðlaugur Einarsson (sjálfur)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Gísli Simonarson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1970. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur lýst því, að hann muni ekki byggja rétt á hinni áfrýjuðu „lögtaksgerð“, enda dragi hann í efa, „að rétt sé að tala um lögtak í venjulegri merkingu þess orðs“. Hvernig sem á það verði litið, krefst hann þess, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gísli Simonarson, fulltrúi yfirborgarfógeta, setti fógetadóm Reykjavíkur að Templarasundi 3 hér í borg hinn 28. september 1970. Var þar tekin fyrir beiðni stefnda um lögtak hjá áfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 42.019.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar. Af hálfu gerðarbeiðanda var ekki sótt þing. Síðan er skráð í þingbókina: „Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fógetans ... og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafín gjöld, en hann/hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar

og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum. Var þá skrifað upp: Lokað. Engar eignir fundust. Fallið er frá virðingu. Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindum eignum gerðarpola til tryggingar framan- greindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfall- ins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns. Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarpola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þess, að viðlagðri aðför að lögum. Fleira ekki tekið fyrir. Upplesið, jatað rétt bókað“.

Eins og endurrit lögtaksgerðarinnar ber með sér, var áfrýj- andi eigi þar viðstaddur, og eigi var honum skipaður réttar- gæzlumaður. Lýsing fógeta á því, er gerðist og í þingbók er skráð, er naumast skiljanleg. Eru því slíkir misbrestir á framkvæmd hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar, að ógilda ber hana, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 34. gr. og c lið 1. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Guðlaugi Einarssyni, kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
